

## Bréf þetta er sent öllum kirkju- garðastjórnnum á landinu.

Reykjavík, 15.02. 2007.

### Fjármál kirkjugarða.

Tekjukerfi kirkjugarða á Íslandi breyttist 1. janúar 2005. Frá þeim tíma hefur tvennt ráðið greiðslu til kirkjugarða:

a) **Umhirðukostnaður** (fermetrastærð grafarsvæða). Umhirðugjald er ekki áætlun heldur ákveðin krónutala sem greidd er á fermetra á grafarsvæðum. Þetta fermetragjald breyttist eftir þróun verðlags á milli ára. Fjársýsla ríkisins greiðir umhirðugjald mánaðarlega frá 15. febrúar 2007 til 15. janúar 2008 (janúargreiðslan er vegna des. 2007).

b) **Greftrunarkostnaður** (grafartaka og prestsþjónusta). Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á gardur.is. Þeir sem ekki hafa fengið aðgang að skýrslukerfinu hafi samband við Arnfinn R. Einarsson í síma 585-2721 eða Smára Sigurðsson í síma 462-2613.

Áður en nýja tekjukerfið var tekið í notkun 1. janúar 2005 var ákveðið að hafa vissa aðlögun að þeim breytingum sem í vændum voru. Ákveðið var að fyrsta árið (2005) hefði nýja kerfið 50% vægi á móti 50% vægi gamla kerfisins og árið 2006 hefði nýja kerfið 75% vægi en það gamla 25% og síðan að aðlögun félli niður á árinu 2007 og vægi nýja kerfisins yrði 100%.

Á yfirstandandi ári, þ.e. eftir fulla gildistöku nýja kerfisins, verður auðveldara að deila út því fjármagni sem ríkið lætur kirkjugörðum í té. Aldrei verður þó hægt að vita nákvæmlega hversu margar grafir verði teknar á komandi ári og hefur því verið tekin sú ákvörðun að fastsetja grafarkostnaðinn<sup>1</sup> og nota Kirkjugarðasjóð til að jafna út sveiflur hvort

---

<sup>1</sup> Annars vegar verður gengið út frá spá Hagstofu Íslands á fjölda látinna á komandi ári og hins vegar verður byggt á framlagi ríkisins vegna grafarkostnaðar á viðkomandi ári.

heldur sem tekjuafgangur verður á framlagi hvers árs eða halli (fer eftir því hversu nærri áætluð tala látinna verður rauntölu látinna).

Nokkrar kirkjugarðastjórnir eiga enn eftir að skila jarðsetningarskýrslum vegna grafartöku á síðasta ári (2006). Mjög brýnt er að viðkomandi stjórnir eða fulltrúar þeirra hafi samband við Arnfinn sem allra fyrst til að koma upplýsingum rétta boðleið. Að öðrum kosti geta viðkomandi kirkjugarðastjórnir átt von á því að kirkjugarðar undir þeirra stjórn verði af tekjum vegna þessa og greftrunargjaldið renni í Kirkjugarðasjóð.

Með bestu kveðjum,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.